

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1938.

Opið bréf um að hans konunglega tign Knud, Íslands prins og Danmerkur, sé settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 14. júní 1938, nr. 101.

Auglýsing um yfirlýsingu milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samkynja hlutleysisákvæði, undirskrifuð af forsætisráðherra 14. júní 1938, nr. 102.

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 17. júní 1938, nr. 103.

Auglýsing um innköllun hinna eldri Landsbankaseðla, undirskrifuð af fjármálaráðherra 7. júlí 1938, nr. 104.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af konungi 26. júní 1938, nr. 105.

Auglýsing um verzlunarsamning milli Íslands og Haíti, undirskrifuð af forsætisráðherra 2. ágúst 1938, nr. 106.

Bráðabirgðalög um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909, undirskrifuð af konungi 2. september 1938, nr. 107.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjalda í Norðurálfu, undirskrifuð af konungi 28. september 1938, nr. 108.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, undirskrifuð af konungi 14. nóvember 1938, nr. 109.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 6. desember 1938, nr. 110.

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 10. desember 1938, nr. 111.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, um skiptingu Vindhælishrepps í þrjú sveitarfélög. 87 22. nóv.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Vindhælishrepps og meðmælum sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, um skiptingu Vindhælishrepps í þrjú hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12, 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Vindhælishreppi í Austur-Húnavatnssýslu skal skipt í þrjú sveitarfélög, er nefnast: Skagahreppur, Höfðahreppur og Vindhælishreppur, og skulu takmörkin vera þessi:

Vindhælishreppur takmarkast að norðan af Hrafná, Höfðahreppur (kaupúnshreppurinn) frá Hrafná að landamerkjum Háagerðis og Harastaða að norðan og Skagahreppur þaðan og að nyrðri endamörkum núverandi Vindhælishrepps.

2. Skuldum núverandi Vindhælishrepps skal skipt milli fyrirhugaðra hreppa að hálfu leyti hlutfallslega eftir meðalútsvarsupphæð s. l. 5 ár og að hálfu leyti eftir fólksfjölda í hverjum hreppshluta.
3. Eftirgreindum eignum Vindhælishrepps skal skipt á sama hátt og skuldum:
 - a. Eftirstöðvar samkvæmt hreppsreikningum.
 - b. Verðbréf.

87
22. nóv.

- c. Skuldir annarra hreppa.
 - d. Fasteignir.
 - e. Andvirði Bakkakots.
 - f. Útistandandi lán og fyrirframgreiðslur.
4. Barnaskólasjóði skal skipt hlutfallslega eftir tölu barna innan 14 ára aldurs.
 5. Amtmannsgjafasjóður og Gjafasjóður Kristmundar Þorbergssonar verða í sameign hinna nýju hreppa, en arði sjóðanna, sem falla til úthlutunar, skal skipt milli hreppanna í hlutfalli við fólkstölu í hverjum hreppi.
 6. Fjallskilasjóður Vindhælishrepps skal fyrst um sinn vera í sameign hinna nýju hreppa. Jafnframt skulu gangnaskil vera sameiginleg, á meðan ekki breytist afstaða til skilaréttar.
 7. Hlutaðeigandi hreppsnefndir semja sín á milli, hvort refaveiðar skuli vera sameiginlegar.
 8. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Vindhælishrepp. Hreppsnefnd hvers hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu fyrir sameiginlega styrkþega, sem heima eiga innan hvers hrepps fyrir sig.
Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hver hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega, og skal þá framfærslukostnaðinum jafnað hlutfallslega.
Framlög hreppanna til elli- og örorkutrygginga móti framlagi annarsstaðar frá, sem ganga til sameiginlegra styrkþega, reiknast með kostnaði viðkomandi hreppa, vegna framfærslu sameiginlegra styrkþega.
 9. Ellitryggingarsjóður Vindhælishrepps skiptist milli hinna nýju hreppa í hlutfalli við fólkstölu í hverjum hreppi.
 10. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skulu vera eign hins nýja Vindhælishrepps, en hreppsnefndir Skagahrepps og Höfðahrepps skulu eiga aðgang að þeim, þegar þær þarfnast.
 11. Sýslunefnd tilnefnir tvo menn til þess að meta fasteignir hreppsins í því augnamiði, að hver hinna nýju hreppa kaupir þær fasteignir, er verða innan hans takmarka.
 12. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í hverjum hinna nýju hreppa.
 13. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. janúar n. k., og skulu hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari aðgerða og birtingar.